

Sp.

75. Tillaga til þingsályktunar

[68. mál]

um stækkun friðunarsvæða eftir nógildandi meginreglum.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar, að þegar í stað beri að gera ráðstafanir til að færa út nógildandi friðunarlínu, sem ákveðin er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, þannig að fylgt verði sömu meginreglum og þar er gert, en eftirtaldar breytingar gerðar á grunnlínunni og friðunarlínunni í samræmi við það:

1. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 1 og 5, þ. e. frá Horni í Ásbúðarrif.
2. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 12 og 15, þ. e. frá Langanesi í Almenningsfles.
3. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 25 og 28, þ. e. frá Stokksnesi í Ingólfshöfða.
4. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 28 og 31, þ. e. frá Ingólfshöfða í punktinn Meðallandssandur II.
5. Grunnlínan verði dregin beint milli punktanna 35 og 39, þ. e. frá Geirfugla-skeri í Eldeyjardrang.

Breytingar þessar felur Alþingi ríkisstjórninni að auglýsa og tilkynna erlendis með sama hætti og gert var um reglugerðina nr. 21 frá 19. marz 1952.

Greinargerð

Sú stækkun friðunarsvæðanna við Íslandsstrendur, sem gerð var 1952, vakti almennan fögnuð með þjóðinni. Það hefur líka komið greinilega í ljós á því tímabili, sem liðið er frá gildistöku reglugerðarinnar, að víða við strendur landsins hafa möguleikar til fiskafla á grunnmiðum stórlega aukizt, og virðist fiskisældin nú haldast mjög í hendur við hin friðuðu svæði, þannig, að þar sem friðunarlínan færðist verulega út, hefur afli bátaflotans aukizt mest, en minna eða ekki, þar sem stækkun friðunarsvæðanna varð lítil.

En þótt það meginefni reglugerðarinnar að stækka friðunarsvæðin væri Íslendingum almennt fagnaðarefni, hafa þó frá öndverðu verið skiptar skoðanir um það, hvort með henni hafi verið gengið eins langt og fært var, enda munu fáir eða engir telja þá skipan þessara mála, sem þar var mótuð, viðhlitandi til langrar framtíðar, heldur beri að stefna að fullum yfirráðum Íslendinga yfir öllu íslenzka landgrunninu.

Tillögur þær, sem lagðar eru nú fram á hverju Alþingi um stækkun friðunarsvæða eftir öðrum reglum en þeim, sem gildandi eru, sanna það gleggst, að endurskoðun á landhelgisframkvæmd okkar er ekki einasta tímabær, heldur knýjandi nauðsyn.

Hitt er þó vitað, að áður en grundvallarreglum núgildandi fiskveiðitakmarkana verður raskað, þarf að fara fram undirbúningsstarf af hendi ríkisstjórnarinnar, og á því virðist ekkert örla enn sem komið er. Þess mun því vart að vænta, að þær stækkanir friðunarsvæða fyrir Vestfjörðum og Austurlandi, sem tillögur hafa verið gerðar um hér á Alþingi, komi til framkvæmda á næstu mánuðum, þar eð þær verða ekki framkvæmdar án þess að breyta þeim meginreglum, sem núgildandi friðunarlína er dregin eftir.

Öðru máli gegnir um þær breytingar, sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Þær er hægt að framkvæma eftir gildandi reglum og með sama rétti og öll þau friðunarsvæði, er sett voru 1952.

Þetta er staðfest í bók þeirri, er íslenska ríkisstjórnin gaf út á ensku um þetta mál í septembermánuði 1954 og nefnist The Icelandic Efforts for Fisheries Conservation. Á blaðsíðu 23 í þeirri bók er sérstaklega vitnað til þess, að á þeim stöðum, sem þessi tillaga fjallar um, hafi verið möguleikar til að hafa friðunarsvæðin stærri en gert var. Það er enda vitað, að á sínum tíma létu íslensk stjórnarvöld það undan andróðri Bretar í þessu máli að hafa friðunarsvæðin, að minnsta kosti á þessum tilteknu stöðum, minni en reglur þær, sem annars var farið eftir, gáfu tilefni til.

Hér skal ekki lagður neinn dómur á það, hve viturleg eða réttmæt sú undanlátssemi kann að hafa verið. Hún hefur vafalaust verið framkvæmd í þeirri von, að Bretar mundu þá líta á okkar ráðstafanir af meiri skilningi en ella. Hitt vita svo allir, að í reynd hafa Bretar sýnt okkur fullan fjandskap í þessu máli og hafið við okkur viðskiptastríð vegna þess. Það liggur því alveg ljóst fyrir, að þótt tilslakanirnar hafi ef til vill átt sér einhverja afsökun í öndverðu, þá er því ekki lengur til að dreifa.

Eins og fyrr getur, felur tillaga þessi ekki í sér neina endanlega lausn þess máls, er hún fjallar um, en hún miðar að stækkun fiskveiðisvæða íslenska bátaflotans og friðun mikilvægra fiskimiða fyrir botnsköfum, — svæða, sem nú eru flest óspart sótt og þaulnýtt af erlendum togurum, — og framkvæmd hennar ætti ekki að vera neinum annmörkum háð og því framkvæmanleg þegar í stað, aðeins með hæfilegum tilkynningarfyrrvara.


Tillaga þessi ásamt ofanritaðri greinargerð var flutt á síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. En þótt afgreiðsla málsins færist þá fyrir, kom það glögglega fram, að það átti mikinn hljómgrunn meðal þingmanna, og dráttur á afgreiðslunni átti sér þá orsök, að þingnefnd sú, er málið hafði með höndum, gerði sér vonir um, að ríkisstjórnin ynni að almennari friðun fiskveiðisvæða en þessi tillaga fjallar um og að aðgerða væri von af hennar hálfu fljótlega.

Þess hefur hins vegar ekki orðið vart, að neinna aðgerða sé að vænta að sinni úr þeirri átt, og því er tillaga þessi nú endurtekin.

Ein breytingartillaga kom fram við tillögu þessa á síðasta þingi. Stóðu að henni sex þingmenn af Norðurlandi. Gerði sú tillaga ráð fyrir beinni grunnlínu milli Sigluness og Rauðanúps.

Ég tel þá tillögu eiga fullan rétt á sér, þar eð hún virðist algerlega falla inn í núgildandi meginreglur um friðunarsvæði. En með því að tillaga mín er byggð á því einu, sem af hálfu ríkisstjórnarinnar er opinberlega yfirlýst að hægt sé að gera (sbr. The Icelandic Efforts for Fisheries Conservation), hef ég ekki fellt tillögu norðanþingmanna inn í þessar tillögur, þar eð hún er ekki sérstaklega tiltekin sem möguleiki í nefndri greinargerð ríkisstjórnarinnar.

Fylgiskjal (uppdráttur, sjá næstu síðu).



Nýju friðunarsvæðin samkv. þáttill. eru auðkennd með skástrikum.